



Félagsþjónusta Stranda
og Reykhólahrepps

Fundargerð

Stjórn Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla

Þriðjudaginn 21. febrúar 2023.

Fundurinn var haldinn sem fjarfundur.

Mættir

Hlíf Hrólfsdóttir (Strandabyggð)

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (Reykhólahreppi) ritaði fundargerð.

Oddný Þórðardóttir (Árnes- og Kaldrananeshreppi)

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir félagsmálastjóri

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Ingibjörg tók fundarstjórn og setti fundinn. Óskaði hún eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Nefndin skiptir með sér verkum.

Tillaga lögð fram um að Ingibjörg B. Erlingsdóttir verði formaður FSR, Hlíf Hrólfsdóttir verði varaformaður og Oddný Þórðardóttir verði ritari nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2. Prókúruhafar.

Stjórn veitir Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttir og Guðrúnu Guðmundsdóttur prókúru fyrir reikninga Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

3. Velferðarþjónusta Vestfjarða

Lögð eru fram til kynningar drög að samningi um Velferðarþjónustu sem þessa dagana er til afgreiðslu hjá sveitarfélögunum á Vestfjörðum.

Hlíf Hrólfsdóttir fór yfir málefnið með stjórninni. Fram fóru umræður um málefnið.

4. Erindi frá Dalabyggð.

Lagt er fram erindi frá Dalabyggð dags 1. febrúar 2023 þar sem óskað er inngöngu í Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Stjórn tekur jákvætt í erindið og telur að samvinna við Dalabyggð muni



**Félagsþjónusta Stranda
og Reykhólahrepps**

styrkja Félagsþjónustuna. Formanni falið að sækja upplýsingar um umfang þjónustu sem veitt er í Dalabyggð.

5. Önnur mál, engin.

Fundi slitið kl. 11.30

Fundargerð undirrituð með rafrænum hætti.